

A 1778/vækst

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um ferðaklasa fyrir norðurskautssvæðið

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að setja á fót ferðaklasa fyrir norðurskautssvæðið;

að styðja við miðlun á þekkingu um sjálfbæra ferðaþjónustu á norðurskautssvæðinu;

að setja saman greinargerð um bestu starfsvenjur fyrir ferðaþjónustu á norðurskautssvæðinu.

Forsaga

Ferðaþjónusta á norðurskautssvæðinu er í miklum vexti. Nú eru því einstök tækifæri til hagvaxtar og atvinnusköpunar á þessum norðlægu slóðum. En gæta þarf að viðkvæmu umhverfi og náttúru norðurskautssvæðisins. Það er nauðsynlegt að læra af reynslu annarra, til að tryggja að ferðaþjónusta og vöxtur á norðurskautssvæðinu verði með sjálfbærum hætti og að umhverfið beri ekki skaða af.

Ferðaklasi fyrir norðurskautssvæðið er samstarfsvettvangur fyrir hagsmunaaðila innan ferðaþjónustunnar. Staðbundnir, svæðisbundnir og landsbundnir hagsmunaaðilar geta tekið þátt. Klasinn nýtur stuðnings skrifstofunnar, sem leitast við að safna og miðla þekkingu og reynslu af ferðaþjónustu á norðurskautssvæðinu meðal hagsmunaaðila. Sem dæmi má nefna að reynsla Tromsø af innleiðingu sérstaks gistináttgjalds gæti nýst hagsmunaaðilum í grænlenksri ferðaþjónustu. Það á bæði við um aðila innan grænlenksra stjórn mála og ferðaþjónustu en á Grænlandi á sér nú stað undirbúningur fyrir mikinn vöxt í ferðaþjónustu í tengslum við stækkun og fjölgun grænlenksra flugvalla. Þetta er aðeins eitt af mörgum dæmum.



Nuuk, 13. september 2018

Annette Lind (S)
Ingalill Olsen (A)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Karin Gaardsted (S)
Lars Mejern Larsson (S)
Laura Taunajik (S)
Lennart Axelsson (S)
Martin Kolberg (A)
Maarit Feldt-Ranta (sd)

Nina Sandberg (A)
Oddný Harðardóttir (Sf)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Stein Erik Lauvås (A)
Suzanne Svensson (S)
Ville Skinnari (sd)